


# Háteigur



13. árgangur 10. tbl.

27. nóvember 2009

## Notum endurskinsmerkin!

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólaljóra

Ágætu lesendur

Haustveðrið hefur farið mildum höndum um okkur Íslendinga og skólalífnið hefur verið farsælt. Börnunum líður vel í skólanum og þau ganga þrúð og frjálst í fasi til allra verka eins og þau eiga að gera. Ég hvet foreldra til að fara á heimasíðu skólans og skoða myndir úr skólalífni í vetur. Einnig vil ég sérstaklega hvetja fjölskyldurnar til að skoða uppskriftirnar úr fiskréttakeppninni í 8. bekk og prófa nokkrar.

Það er venjan að víkja að athugun okkar á líðan nemenda í pistlinum í nóvember og í því sambandi bendi ég foreldrum á að kynna sér niðurstöður undir flípanum „nemendur“ á heimasíðu skólans. 83% nemenda segja nú að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum í 5. til 10. bekk. 81% líður vel eða mjög vel á miðstigi og 85% líður vel eða mjög vel á unglingastigi. Þetta er marktækt hærra en á síðasta ári og getum við glaðst yfir þeirri niðurstöðu. Ég hef lýst þessari könnun þannig að hún sé í stórum dráttum í þremur viddum; Hvernig líður þér? Er einhver að leggja þig í einelti? Hvar gerist það? Spurningin um einelti skiptist í þrjú hluta. Fyrst spyrjum við um hvort að barnið viti um einhvern sem er lagður í einelti og þá biðjum við um nöfn. Í öðrum hlutanum spyrjum við barnið sjálft hvort að það verði fyrir einelti og í þriðja hlutanum spyrjum við um hvort það viti um einhvern sem leggur í einelti og þá köllum við einnig eftir nöfnum. Eineltisteymi skólans tekur síðan nöfn gerenda og þolenda og vinnur úr þeim vísbendingum með viðkomandi umsjónarkennurum. Þessi vinna er þegar hafin og gengur hún út á að staðfesta hvort að um einelti sé að ræða. Ef vísbendingar reynast réttar er unnið með þær í samræmi við vinnureglur skólans. Nýja úrvinnsluferfið var prufukeyrt undir handleiðslu Sigríðar félagsráðgjafa síðasta vetur og reyndist mjög vel. Ég vek athygli foreldra á því að 1% nemenda í 5 til 10. bekk segja að þeim líði illa eða mjög illa í skólanum. Þetta er breyting frá síðasta ári. Þessi könnun gefur okkur á hverju ári tækifæri til að ræða um líðan barnanna og rétt allra til að líða vel. Kennarar fara vandlega yfir ástæður könnunarinnar og hvetja nemendur til að svara í samræmi við líðan sína. Einelti er mjög

alvarleg hegðun sem aldrei má þola, en því miður er það og verður sennilega alltaf hluti af samfélagi manna. Rannsóknir sýna hins vegar að með vinnu gegn einelti í grunnskólum landsins þá hefur tekist að fækka tilfellum og auka vellíðan. Foreldrar þurfa alltaf að vera á varðbergi og ræða við börn sín og koma minnstu vísbendingum eða áhyggjum á framfæri við umsjónarkennara eða skólalífsmenn. Athuganir okkar sýna að við erum á réttri leið og það er gott, en verkefninu lýkur aldrei.

Niðurstöðurnar eru gott veganesti inn í haustmyrkrið sem engan lætur ósnortinn en látum það umvefja okkur eins og mjúkar og hlýjar hendur sem eru alsettar glitrandi perlum jólaljósanna.

Í lokin vil ég þakka stjórn foreldrafélagsins fyrir að hjálpa okkur við að gera hangikjötsveisluna að veruleika, þannig að við náum að halda í þá góðu hefð.

Njótið aðventunnar.

Ásgeir Beinteinsson,  
skólalífsmann Háteigsskóla.

### Hangikjöt með foreldrum

Ágætu foreldrar

Í tilefni jólanna viljum við, eins og undanfarin ár, bjóða ykkur að koma og borða hangikjöt með börnum ykkar.

Mæting er eins og hér segir:

Miðvikudagur 9. desember kl. 11:30	1. og 4. bekkur
Miðvikudagur 9. desember kl. 12:10	2. og 3. bekkur
Fimmtudagur 10. desember kl. 11:30	5. og 7. bekkur
Fimmtudagur 10. desember kl. 12:10	6. bekkur
Föstudagur 11. desember kl. 12:00	8. – 10. bekkur

Með jólakveðju frá starfsfólki Háteigsskóla

### Próf

Í prófum vill oft verða mikið álag á nemendur. Erna Kanema í 7. bekk gerði þessa mynd í tilefni samræmdu könnunarprófanna í haust.



## Ferð á landnámssýningu

Hæ, ég heiti Þórhildur og ég ætla að segja frá því þegar ég og bekkurinn minn fórum á Landnámssýninguna niðri í Aðalstræti. Við fórum í strætó og fórum niður í Aðalstræti, þar gengum við inn í byggingu og þar tók kona á móti okkur sem heitir Sigurborg. Hún sýndi okkur alls konar dót. Til dæmis gamlar leifar af húsi, brot úr hamri, lykli og heygaffli. Þegar við vorum búin að skoða allt fór Sigurborg með okkur inn í herbergi þar sem ekkert var nema stór tölvuskjár og á honum sýndi hún okkur hvernig húsin voru í gamla daga og úr hverju þau voru gerð. Það sem mér fannst skemmtilegast við ferðina var að sjá hvernig húsin voru byggð áður fyrr og hvað það er mikill munur. Þegar við vorum búin að skoða allt saman þá fengum við að fá frjálst eða bara skoða allt. Síðan nokkru síðar var kallað á okkur og við fórum til Dóru. Hún sagði að við værum að fara. Við þökkum fyrir okkur og fórum út. Þá sagði Dóra að við færum að gefa öndunum brauð að borða. Hver og einn fékk þrjú stykki brauð. Þegar við vorum búin að gefa öndunum fórum við í strætóskýli, biðum eftir strætó og fórum í skólann.

Þórhildur Bryndís Guðmundsdóttir, 5. bekk

## Meiri fiskur

Samkeppni 8. bekkinga heldur áfram um bestu fiskréttina. Hér er vinningsuppskrift síðasta hóps:

### Hressi fiskurinn

#### Áhöld:

Grænmetishnífur / skrælari	Hnífur
Eldfast mót	Skeið
Skál	Rifjárn

Fyrst skárum við niður papriku og dreifðum um mótið. Síðan skárum við gulrætur í bita og dreifðum um mótið. Síðan skárum við þúrrulauk og settum líka í mótið. Síðan settum við fiskinn og settum gulrætur og þúrrulauk ofan á, líka papriku, ost og beikonost. Síðan rifum við niður gulrót og dreifðum og skárum fleiri paprikur og meiri þúrrulauk. Síðan settum við graslauk, steinselju og fiskikrydd og settum inn í ofn.

#### Hvað notuðum við:

ýsuflak	þúrrulauk
½ paprika	3 gulrætur
2 msk. paprikuostur	1 msk. beikonostur
1 msk. matreiðslurjómi	hvítlaukssalt 1 tsk.
1 msk. graslaukur	smá steinselju (ef vill)
1 tsk. fiskikrydd	

Haldóra og Emilía, 8. ESP

## Myndbandakeppni

Nemendur 5. DM í Háteigsskóla unnu fyrstu verðlaun í yngri flokki í myndbandakeppni fyrirtækisins 66° No röur. Þema keppinnar var iðnaður á Íslandi og völdu þau að fjalla um rafiðnað.

Laugardaginn 21. nóvember tóku þau á móti verðlaununum sem voru ekki af verri endanum:

Fullkomin myndbandsupptökuvél fyrir skólann og 8000 kr. gjafabréf fyrir hvern nemanda.

Við óskum þeim og kennaranum þeirra, Rannveigu B. Þorkelsdóttur, innilega til hamingju með frábæran árangur. Inni á YouTube eru myndböndin til sýnis, þar á meðal myndbandið þeirra.

## Fréttir frá 105

Það er margt uppörvandi að fréttu úr félagsmiðstöðinni 105. Fyrst ber að nefna að fjórar vaskar stúlkur úr 10. bekk, þær Þórey, Valgerður, Kristín og Edda kepptu í hönnunarkeppninni Stíll í Vetrargarðinum á laugardaginn og lentu í 3ja sæti af 62 mögulegum! Þær skópu óskaplega fallegan kjól úr endurunnu efni s.s. pappír, símaskrár og úr gömlu hænsnaneti. Sjáid myndir á [kampur.is](http://kampur.is). Sjón er sögu ríkari.


Hinn árlegi Hilmar var föstudagskvöldið 13. nóvember. Félagsmiðstöðin 101 vann farandbikarinn Hilmarinn með mynd ársins: Eftir höfðinu dansa limirnir, eftir Karítas Kjartansdóttur, Karítas Þrastardóttur og fleiri. Myndin fjallar um unga stúlku sem vantaði höfuðið á, hugvitsamlega gert. Nemendur úr 105 unnu 2. - 3. sætið með „hrollveku ársins“ og „hljóð og stíll ársins“ þ.e. Atli, Kristinn, Daníel, Gummi, Ingunn og María með myndina *Í skjóli nætur*. Daníel, Ása, Pétur og Hrafnkell með starfsfólki 105 með myndina *Highschool Bloodfeud*. Dómararnir voru ekki af verri endanum, þ.e. Hilmar Oddsson leikstjóri og verndari hátíðarinnar, Daníel Gylfason fyrrum nemandi skólans og sigurvegari Hilmarsins í fyrra og hitteðfyrri og María Lilja Þrastardóttir nemandi í Kvíkmyndaskóla Íslands. Það var hinn hefðbundni rauði dregill og myndataka, popp og kók og stemning; ógleymanlegt kvöld.

Í nóvember höfum við gert margt okkur til skemmtunar, s.s. stelpukvöld, brjóstsykurgerð og bíóferð. Framundan er hinn huggulegi desembermánuður og auðvitað er margt ánægjulegt í bígerð s.s. jólasmiðjur (skartgripagerð, þrykk), hópleikjakvöld, jólakvöld, skautuferð og kaffihúsaferð í miðbæinn svo eitthvað sé nefnt.

Bestu aðventukveðjur frá 105.

Ástríður, Þórgnýr, Bjartur og Hrefna.

## Saga um könguló



Einu sinni var köngulóarvefur og á honum var könguló og svo eftir smástund þá kom fluga og svo fékk hún fluguna í kvöldmat.

Í yngstu bekkjum skólans er strax lögð áhersla á frásögn, bæði í töluðu og rituðu máli. Sögurnar eru myndskreyttar. Hér er saga um könguló eftir Kristínu Ósk Thoroddsen í 2. bekk: „Einu sinni var köngulóarvefur og á honum var könguló og svo eftir smástund þá kom fluga og svo fékk hún fluguna í kvöldmat.“

Spakmæli mánaðarins: Til hvers lifum við, ef ekki til að létta hverju öðru lífsins byrðar?